


Netbeinar

30.01.2025

Sagemcom F5359 er einfaldur og öflugur WiFi 6 netbeinir fyrir ljósleiðara eða DSL tengingar sem styður nethraða allt upp að 1 gígabiti á sekúndu.

Að tengja beininn

Það er einfalt að tengja netbeininn, en helsta atriðið er að staðsetja hann. Netbeinirinn þarf að tengjast við símainntak eða ljósleiðarabox með snúru, en reyndu að koma honum fyrir þannig að hann geti sent út þráðlaust net hindranalaust. Þú getur kynnt þér hvernig þú [hámarkar hraða og drægni á WiFi hér](#).



Tengja við ljósleiðara

- Tengdu netsnúru í rauða tengið aftan á netbeininum merkt **WAN** og hinn endann í ljósleiðaraboxið í tengi merkt **LAN 1** eða **Ethernet 1**.
- Tengdu straumbreytinn í tengið merkt *Power* og settu hann í samband við rafmagn.
- Ýttu á hvíta aflrofann aftan á beininum til að kveikja á honum.

Tengja við VDSL / ADSL tengingu

- Tengdu símasnúru við gráa tengið merkt **DSL** aftan á netbeininum og hinn endan í símatengi í vegg.
- Tengdu straumbreytinn í tengið merkt *Power* og settu hann í samband við rafmagn.
- Ýttu á hvíta aflrofann aftan á beininum til að kveikja á honum.

Stöðuljósín á netbeininum

Framan á netbeininum eru fimm ljós sem segja til um stöðu hans. Undir venjulegum kringumstæðum ættu öll ljósín að verða græn skömmu eftir að netbeinirinn er settur í gang.



Ljós		Skýring
	Rafmagn	Beinir er í gangi
	Sync	Samband við ljósleiðarabox eða símsstöð
	WiFi	Kveikt á WiFi
	Internet	Samband við internetið
	Heimasími	Heimasími virkur á beini



Hvað varð um ljósin?

Netbeinirinn slekkur á stöðuljósunum tveimur mínútum eftir að eðlilegt samband kemst á. Þú getur kveikt aftur á ljósunum í smá stund með því að ýta örstutt á WPS takkann á hlið netbeinisins.

Tengja heimasíma

Þú tengir heimasímann beint við netbeininn í grænu tengin merki **Phone 1** eða **Phone 2**. Tengdu símann beint við netbeininn, ekki hafa nein millistykki eins og smásíu eða splitter á þeirra.

Tengja önnur tæki

Þú getur tengt tæki eins og tölvur, snjallsíma og sjónvörp við netið með snúru eða WiFi, en beinirinn býður upp á þrjár leiðir til að tengjast við WiFi; hefðbundið **nafn og lykilorð**, **WPS** eða **QR kóða**. Við mælum þó með að snúrutengja stærri tæki eins og tölvur og snjallsjónvörp þegar þú getur, því þannig færðu hraðasta og stöðugasta netsambandið.

Tengjast með snúru

Til að snúrutengja tæki við netbeininn þarftu einfaldlega að tengja netsnúru úr tækinu þínu yfir í eitt af gulu *Ethernet* tengjunum aftan á netbeininum. Gulu tengin eru öll jafngild, það skiptir engu máli hvert þeirra þú notar.

Tengjast WiFi með nafni og lykilorði

Til að tengjast WiFi þarftu að fara í WiFi stillingarnar í tækinu þínu, finna WiFi netið þitt og setja inn lykilorðið til að tengjast.

- Þú finnur nafn og lykilorð þráðlausa netsins á miða aftan á netbeininum.
- WiFi nafnið er merkt *Name*.
- Lykilorðið er merkt *Password* og er 10 stafa blanda af tölustöfum og hástöfum.

Tengjast WiFi með WPS

Með WPS getur þú tengt tæki á WiFi án þess að nota lykilorðið. Netbeinirinn er þá settur í pörunarham og samþykkir tengingu frá fyrsta tæki sem reynir að tengjast við hann.

- Ýttu á **WPS** takkann á vinstri hlið beinisins og haltu honum inn í 5 sekúndur.
- WiFi ljósið á beininum byrjar að blikka appelsínugult þegar hann er kominn í pörunarham.
- Næsta skref fer eftir hvernig tæki þú ert að reyna að tengja:
 - Ef þú ert að tengja tölvu eða snjalltæki þarftu að fara inn í WiFi stillingarnar og tengjast þar.
 - Ef tækið er ekki með skjá ætti að vera svipaður **WPS** takki á því til að setja það í pörunarham.
- Eftir smá stund ættu tækið þitt og netbeinirinn að finna hvort annað og tengjast.
- WiFi ljósið á netbeininum verður aftur grænt í kjölfarið og þú ættir að fá einhverskonar merki frá tækinu þínu um að tenging hafi tekist.

Tengjast WiFi með QR kóða

Flest nýleg snjalltæki sem eru með myndavél geta tengst WiFi með því að skanna QR kóða.

- Opnaðu myndavélina eða QR skanna app í tækinu þínu.
 - Í sumum tækjum þarftu að fara inn í WiFi stillingarnar og velja að tengjast með QR kóða.
- Beindu myndavélinni að QR kóðanum sem er prentaður á límmiða aftan á netbeininum.
- Fylgdu leiðbeiningunum í tækinu þínu til að tengjast netinu.

Ítarlegar stillingar

Þú getur farið inn á stillingasíðu beinisins og fínstílt hann að eftir þörfum, til dæmis breytt WiFi lykilorðinu þínu eða kveikt á foreldrastillingum.

- Tengdu tölvu eða snjalltæki við netbeininn, helst með snúru.
- Opnaðu netvafra í tengda tækinu og farðu inn á slóðina <http://192.168.1.254/>.
- Hér þarftu að skrá þig inn með eftirfarandi upplýsingum:
 - Í *User*reitinn skaltu skrifa **admin** í lágstöfum.
 - Í *Password* þarftu að skrifa lykilorð sem er prentað aftan á netbeininn og merkt **Access key**.
- Ýttu loks á **LOGIN** takkann.



Áður en þú heldur áfram!

Breytingar sem þú gerir á stillingum netbeinisins eru alfarið á þinni ábyrgð. Við mælum ekki með að breyta þeim nema þú hafir sérstaka ástæðu til.

Breyta nafni og lykilorði á WiFi

Til að komast í stillingar fyrir WiFi skaltu smella á tannhjólid í efra horni annars hvort WiFi dálksins í aðalvalmyndinni.




Þar finnur þú eftirfarandi stillingar sem þú getur uppfært:

- **Enable 5GHz Wireless** hakið leyfir þér að kveikja og slökkva á 5GHz tíðninni.
- **Status** segir til um stöðu WiFi netsins.
- **Channel Selection** leyfir þér að velja WiFi rás. Í nánast öllum tilfellum er best að hafa þetta á *AUTO*.
 - Þessi stilling getur gert WiFi netið óaðgengilegt. Ef þú þarft að breyta henni mælum við með að gera það í tæki sem er snúrutengt við netbeininn.
- **Security** er dulkóðunarstaðallinn sem WiFi netið notar.
- **Password** er lykilorðið til að komast inn á WiFi.

Mundu að ýta á **Apply** til að vista breytingar á stillingunum.

Foreldrastilling - Tímastýring tækja

Með tímastýringu getur þú takmarkað netaðgang ákveðinna tækja á ákveðnum tímum dags. Veldu **Parental Control** skjöldinn í aðalvalmyndinni til að fá upp stjórnborðið fyrir tímastýringu.



Hér getur valið tækið sem á að stýra með því að haka við það í listanum undir *Internet access control planning*. Þá getur þú stillt tímana sem tækið má tengjast netinu með því að smella á stikurnar neðar í glugganum. Grænt á stikunni þýðir að tækið megi tengjast netinu, en rautt þýðir að því sé bannað.



MAC vistföng

Foreldrastýring netbeinisins notar MAC vistföng til að greina á milli tækja. Flest tæki eru með eitt fast MAC vistfang, en sum nýrri tæki skipta reglulega um MAC vistföng og gætu þannig komist fram hjá foreldrastýringunni.

Foreldrastilling - Loka fyrir vefsíður

Þú getur lokað fyrir tiltekna vefsíður með því að bæta þeim á bannlista í stillingum netbeinisins. Veldu **Parental Control** skjöldinn í aðalvalmyndinni og svo **URL Filter** flipann til að fá upp stjórnborðið fyrir bannlistann.

Þar getur þú bætt síðum á listann með því að ýta á **Add Address** og slá inn vefslóð undir *Internet Link*. Ýttu að lokum á **Apply** takkann til að vista stillingarnar.

PPPoE auðkenning

Venjulega notar netbeinirinn DHCP til að fá IP tölu úthlutað sjálfkrafa, en þú getur stillt hann á að nota PPPoE auðkenningu ef þú vilt vera með fasta IP tölu eða ert að tengjast við staðarnet.

- Veldu **Internet Connectivity** í aðalvalmyndin
- Breyttu *WAN Addressing Type* í **PPP**.
- Skrifðu **siminn** í bæði *Login* og *Password* reitina
 - Ef þú ert að tengjast við staðarnet þarftu að nota upplýsingar frá kerfisstjóra hér.
- Ýttu á **Apply**.

Netbeinirinn mun missa netsamband í nokkrar sekúndur á meðan hann tengist aftur á nýju auðkenningunni. Til að afturkalla þessar stillingar er nóg að breyta *WAN Addressing Type* aftur í **DHCP** og ýta á **Apply**.

Breyta nafnaþjónum (DNS)

Venjulega nota netbeinarnir okkar nafnaþjóna Símans, en þú getur stillt hann til að nota hvaða nafnaþjón sem þú vilt.

- Veldu **Internet Connectivity** í aðalvalmyndinni.
- Ýttu á **DNS IPv4** takkann.
- Breyttu *DNS* stillingunni í **Manually Specify DNS**.
- Fylltu út IP tölur nafnaþjónanna sem þú vilt nota.
- Ýttu á **Apply**.



Ertu með Netvarann?

Netvarinn er háður nafnaþjónum Símans og virkar ekki ef þú notar aðra nafnaþjóna.

Stillingar á portum (Port Forwarding)



Þessar stillingar geta valdið skaða!

Að opna port hleypir allri umferð af netinu inn á tækið þitt í gegnum það port. Síminn tekur enga ábyrgð á vandamálum, gagnatapi eða öðru sem getur komið upp vegna breytinga á þessum stillingum. Ekki breyta þeim án þess að kynna þér málið vandlega og hafa góða ástæðu til.

Til að breyta stillingum porta skaltu velja **Port Forwarding** skjöldinn á í aðalvalmyndinni. Þar getur þú búið til nýja reglu til að opna port með því að fylla út eftirfarandi reiti.

- **Custom service name** er valfrjálst heiti á reglunni, en við mælum með að hafa það lýsandi.

- **Protocol** er samskiptamátinn sem þú vilt opna fyrir.
- **External host** er IP tala á internetinu sem má eiga samskipti í gegnum portið.
- **External port** er númer portsins sem þú vilt hleypa ytri umferð í gegnum.
- **Internal host** er innri IP tala tækisins sem á að taka við netumferðinni.
- **Internal port** er innra port tækisins sem á að taka við netumferðinni.

Ýttu að lokum á **Apply** takkann til að vista regluna.

Endurstilla netbeini (*Factory reset*)

Með því að endurstilla netbeininn hreinsar þú út allar stillingar og breytir þeim aftur í upprunaleg gildi. Það eru tvær leiðir til að núllstillja netbeininn; með **RESET** takkanum aftan á honum eða í gegnum stillingasíðuna.

Til að endurstilla beininn með takkanum þarftu að ýta á **RESET** takkann fyrir ofan rafmagnsrofann aftan á netbeininum. Takkinn er felldur inn í beininn svo það sé ekki hægt að ýta á hann fyrir slysi, þannig að þú þarft pinna (til dæmis tannstöngul eða bréfaflömmu) til að ná í hann. Haltu takkanum inni í 15 sekúndur þar til ljósín á beininum breytast.

Til að endurstilla beininn í gegnum stillingaviðmótið getur þú fylgt þessum skrefum:

- Veldu **My Gateway** í aðalvalmyndinni
- Veldu **Maintenance** flipann.
- Ýttu á **Reset** takkann við hliðina á *Factory Settings*.

Hvora leiðina sem þú ferð, þá tekur það netbeininn nokkrar mínútur að endurstilla sig og endurræsa. Allar stillingar og lykilorð verða þá komin aftur í byrjunarstöður.


TP-Link EX820v

TP-Link EX820v er WiFi 6 netbeinir fyrir ljósleiðara sem styður nethraða upp að 2,5 gígabitum á sekúndu.



Að tengja beininn

Það er einfalt að tengja netbeininn, helsta atriðið er að staðsetja hann vel. Netbeinirinn þarf að tengjast við ljósleiðarabox með snúru, en reyndu að koma honum fyrir þannig að hann geti sent út þráðlaust net hindrana laust. Þú getur kynnt þér hvernig þú [hámarkar hraða og drægni á WiFi hér](#).



Tengja við ljósleiðara


- Tengdu snúru í bláa tengið aftan á netbeininum merkt **WAN** og hinn endann í ljósleiðaraboxið í tengi merkt **LAN 1** eða **Ethernet 1**.
- Tengdu straumbreytinn í tengið merkt **Power** og settu hann í samband við rafmagn.
- Ýttu á **ON/OFF** rofann aftan á beininum til að kveikja á honum.

Algeng vandamál

- Ef engin ljós koma á netbeininn skaltu athuga hvort Power takkinn aftan á netbeininum er í ON stöðunni, hvort rafmangssnúrunni sé stungið inn alla leið í netbeininn og hvort það sé straumur á innstungunni sem straumbreytirinn er í sambandi við.
- Ef slökkt er á ljósunum merkt **Internet** og **WAN** en kveikt á **Power**, **2.4GHz** og **5GHz** þá skaltu athuga hvort netsnúran sé örugglega tengd á milli bláa **WAN** tengisins og **LAN 1** eða **Ethernet 1** á ljósleiðaraboxinu og hvort það sé kveikt á ljósleiðaraboxinu.
- Ef **Internet** ljósið er rautt og breytist ekki í blátt innan nokkurra mínútna þröfaðu þá að endurræsa netbeininn og ljósleiðaraboxið þitt.

Stöðuljósín á netbeininum

Framan á netbeininum eru ljós sem sýna stöðuna á honum.



Power	Kveikt	Kveikt á tækinu
	Slökkt	Slökkt á tækinu
Internet	Blátt	Snúra tengd í WAN tengi og það er Internet samband
	Rautt	Snúra tengd í WAN tengi en ekkert Internet samband
	Slökkt	Ekkert internet merki eða tækið er stillt sem brú
2.4GHz	Kveikt	Kveikt á 2.4 GHz WiFi merkinu
	Slökkt	Slökkt á 2.4 GHz WiFi merkinu
5GHz	Kveikt	Kveikt á 5 GHz WiFi merkinu

	Slökkt	Slökkt á 5 GHz WiFi merkinu
WAN	Kveikt	Tæki tengt í WAN tengið
	Slökkt	Ekkert tæki tengt í WAN tengið
LAN 1-4	Kveikt	Tæki tengt í LAN tengið
	Slökkt	Ekkert tæki tengt í LAN tengið
Phone	Kveikt	Símanúmer er innskráð
	Blikkar hægt	Það eru vistuð skilaboð
	Blikkar hratt	Síminn er að hringja
	Slökkt	Símanúmer er ekki innskráð
USB	Kveikt	USB tæki er tilbúið til notkunar
	Slökkt	Ekkert USB tæki er tengt í USB tengið



Er netbeinirinn í lagi?

Við edlilegar aðstæður eiga að vera blá ljós á Power, Internet, 2.4GHz, 5GHz og WAN.

Tengja heimasíma

Þú tengir heimasímann beint við netbeininn í grænu tengin merkt **Phone 1** eða **Phone 2**. Tengdu símann beint við netbeininn, ekki hafa nein millistykki eins og smásíu eða splitter á þeirra.

Tengja önnur tæki

Þú getur tengt tæki eins og tölvur, snjallsíma og sjónvörp við netið með snúru eða WiFi, en beinirinn býður upp á þrjár leiðir til að tengjast við WiFi; hefðbundið **nafn og lykilorð**, **WPS** eða **QR kóða**. Við mælum þó með að snúrutengja stærri tæki eins og tölvur og snjallsjónvörp þegar þú getur, því þannig færðu hraðasta og stöðugasta netsambandið.

Tengjast með snúru

Til að snúrutengja tæki við netbeininn þarftu einfaldlega að tengja netsnúru úr tækinu þínu yfir í eitt af gulu *Ethernet* tengjunum aftan á netbeininum. Tengið merkt **LAN 4** styður hraða allt upp að 2,5 Gb/s, en hin þrjú tengin styðja allt að 1 Gb/s hraða.

Tengjast WiFi með nafni og lykilorði

Upplýsingar um WiFi eru á límmiða undir netbeininum. WiFi nafnið er merkt SSID og lykilorðið til að tengjast við það er merkt Wireless password. WiFi lykilorðið er blanda af hástöfum og tölustöfum.



Viltu breyta WiFi lykilorðinu?

Þú getur breytt bæði nafninu og lykilorðinu á WiFi netinu í Aginet appinu eða í vefviðmóti netbeinisins.

Tengjast WiFi með WPS

Með WPS getur þú tengt tæki á WiFi án þess að nota lykilorðið. Netbeinirinn er þá settur í pörunarham og samþykkir tengingu frá fyrsta tæki sem reynir að tengjast við hann.

- Ýttu snögg á **WiFi / WPS** takkann aftan á netbeininum.

- WiFi ljósin 2.4GHz og 5GHz byrja að blikka þegar hann er kominn í pörunarham.
- Næsta skref fer eftir hvernig tæki þú ert að reyna að tengja:
 - Ef þú ert að tengja tölvu eða snjalltæki þarftu að fara inn í WiFi stillingarnar og tengjast þar.
 - Ef tækið er ekki með skjá ætti að vera svipaður **WPS** takki á því til að setja það í pörunarham.
- Eftir smá stund ættu tækið þitt og netbeinirinn að finna hvort annað og tengjast.



Athugaðu!

Ef **WPS / WiFi** takkanum er haldið inni of lengi slekkur netbeinirinn á WiFi netinu. Til að kveikja aftur á WiFi skaltu halda takkanum inni þar til það kviknar aftur á WiFi ljósunum.

Tengjast WiFi með QR kóða

Flest nýleg snjalltæki sem eru með myndavél geta tengst WiFi með því að skanna QR kóða.

- Opnaðu myndavélina eða QR skanna app í tækinu þínu.
 - Í sumum tækjum þarftu að fara inn í WiFi stillingarnar og velja að tengjast með QR kóða.
- Beindu myndavélinni að QR kóðanum sem er prentaður á límmiða undir netbeininum.
- Fylgdu leiðbeiningunum í tækinu þínu til að tengjast netinu.

Ítarlegar stillingar

Þú finnur stillingar fyrir WiFi lykilorð, foreldrastýringu og fleira [í Aginet appinu](#) eða [í vefviðmóti netbeinisins](#).

Endurstilla netbeini (*Factory reset*)

Með því að endurstilla netbeininn hreinsar þú út allar stillingar og breytir þeim aftur í upprunaleg gildi. Til að endurstilla netbeininn þarftu að ýta á **RESET** takkann aftan á honum. Takkinn er felldur inn í beininn svo það sé ekki hægt að ýta á hann fyrir slysi, þannig að þú þarft pinna (til dæmis tannstöngul eða bréfastemmu) til að ná í hann. Haltu takkanum inni í 10 sekúndur eða þar til **Power** ljósið framan á honum byrjar að blikka.

TP-Link HB810

TP-Link HB810 er öflugasti netbeinirinn sem við bjóðum uppá og WiFi mesh búnaður Símans. Hann styður hraða allt að 10 gígabit á sekúndu og styður nýjasta WiFi 7 staðalinn sem býður upp á mun meiri hraða en fyrri WiFi staðlar.



Að tengja beininn

Það er einfalt að tengja netbeininn, helsta atriðið er að staðsetja hann vel. Netbeinirinn þarf að tengjast við ljósleiðarabox með snúru, en reyndu að koma honum fyrir þannig að hann geti sent út þráðlaust net hindranalaust. Þú getur kynnt þér hvernig þú [hámarkar hraða og drægni á WiFi hér](#).



Tengja við ljósleiðara

- Tengdu netsnúru tengið aftan á netbeininum merkt **WAN/LAN** og hinn endann í ljósleiðaraboxið í tengi merkt **Ethernet 1** eða **LAN 1**.
- Tengdu straumbreytinn í tengið merkt *Power* og settu hann í samband við rafmagn.



Hvað er SFP+ ?

Eitt tengið á netbeininum er merkt *SFP+*, en það er annar tengistaðall sem er almennt ekki notaður nema með sértílgörðum snúrum og búnaði. Netbeinirinn getur ekki notað *WAN* og *SFP+* tengin á sama tíma, þannig að við mælum með að skilja *SFP+* tengið eftir tómt.

Stöðuljósíð á netbeininum

Undir netbeininum að framan er ljós sem sýna stöðuna á honum og lætur þig vita ef einhver vandamál koma upp.

Slökkt		Slökkt er á netbeininum eða hann er ekki í sambandi við rafmagn. Athugaðu tengingar og hvort það logi grænt ljós straumbreytinum.
Rautt	Blikkar	Netbeinirinn hefur misst netsamband.

	Stöðugt	Netbeinirinn nær ekki að ræsa sig eðlilega. Prófaðu að endurræsa hann eða hafðu samband við þjónustuverið okkar.
Gult	Blikkar	Netbeinirinn er að ræsa eða endurstilla sig.
	Stöðugt	Netbeinirinn nær sambandi við netið en er ekki búinn að ræsa sig að fullu.
Blátt	Blikkar hratt	Netbeinirinn hefur fundið tæki og er að para sig.
	Blikkar hægt	Netbeinirinn er í pörunarham.
	Stöðugt	Netbeinirinn er í gangi en nær ekki netsambandi. Athugaðu sambandið á snúrunni í bláa WAN tenginu.
Grænt eða hvítt	Blikkar	Netbeinirinn er að uppfæra sig.
	Stöðugt	Netbeinirinn er uppsettur og tengdur við netið.

Tengja önnur tæki

Þú getur tengt tæki eins og tölvur, snjallsíma og sjónvörp við netið með snúru eða WiFi, en beinirinn býður upp á þrjár leiðir til að tengjast við WiFi; hefðbundið **nafn og lykilorð**, **WPS** eða **QR kóða**. Við mælum þó með að snúrutengja stærri tæki eins og tölvur og snjallsjónvörp þegar þú getur, því þannig færðu hraðasta og stöðugasta netsambandið.

Tengjast með snúru

Til að snúrutengja tæki við netbeininn þarftu einfaldlega að tengja netsnúru úr tækinu þínu yfir í eitt af gulu *Ethernet* tengjunum aftan á netbeininum. Tengid merkt **LAN 3** styður hraða allt upp að 10 Gb/s, en hin tvö tengin styðja allt að 2,5 Gb/s hraða.

Tengjast WiFi með nafni og lykilorði

Upplýsingar um WiFi eru á límmiða undir netbeininum. WiFi nafnið er merkt SSID og lykilorðið til að tengjast við það er merkt Wireless password. WiFi lykilorðið er blanda af hástöfum og tölustöfum.



Viltu breyta WiFi lykilorðinu?

Þú getur breytt bæði nafninu og lykilorðinu á WiFi netinu í Aginet appinu eða í vefviðmóti netbeinisins.

Tengjast WiFi með WPS

Með WPS getur þú tengt tæki á WiFi án þess að nota lykilorðið. Netbeinirinn er þá settur í pörunarham og samþykkir tengingu frá fyrsta tæki sem reynir að tengjast við hann.

- Ýttu á **WPS** takkann aftan á netbeininum.
- Ljósið undir netbeininum verður blátt og blikkar hratt þegar hann er kominn í pörunarham.
- Næsta skref fer eftir hvernig tæki þú ert að reyna að tengja:
 - Ef þú ert að tengja tölvu eða snjalltæki þarftu að fara inn í WiFi stillingarnar og tengjast þar.
 - Ef tækið er ekki með skjá ætti að vera svipaður **WPS** takki á því til að setja það í pörunarham.
- Eftir smá stund ættu tækið þitt og netbeinirinn að finna hvort annað og tengjast.

Tengjast WiFi með QR kóða

Flest nýleg snjalltæki sem eru með myndavél geta tengst WiFi með því að skanna QR kóða.

- Opnaðu myndavélina eða QR skanna app í tækinu þínu.

- Í sumum tækjum þarftu að fara inn í WiFi stillingarnar og velja að tengjast með QR kóða.
- Beindu myndavélinni að QR kóðanum sem er prentaður á límmiða undir netbeininum.
- Fylgdu leiðbeiningunum í tækinu þínu til að tengjast netinu.

Ítarlegar stillingar

Þú finnur stillingar fyrir WiFi lykilorð, foreldrastýringu og fleira í [Aginet appinu](#) eða í [vefviðmóti netbeinisins](#).

Endurstilla netbeini (*Factory reset*)

Með því að endurstilla netbeininn hreinsar þú út allar stillingar og breytir þeim aftur í upprunaleg gildi. Til að endurstilla netbeininn þarftu að ýta á **RESET** takkann aftan á honum. Takkinn er felldur inn í beininn svo það sé ekki hægt að ýta á hann fyrir slysi, þannig að þú þarft pinna (til dæmis tannstöngul eða bréfaklemmu) til að ná í hann. Haltu takkanum inni í 10 sekúndur eða þar til **Power** ljósið framan á honum byrjar að blikka.
